

## Víðidalstunga II: Fréttir apríl 2010

Það hefur verið ansi kalt undanfarið og því minna riðið út þess vegna. Við leyfum okkur að sleppa því að leggja á í kuldanum þar sem við höfum ekki skyldum að gegna með tamningahross – nema þá gagnvart okkur sjálfum! En hrossin eru í ágætri þjáfun miðað við oft áður á þessum árstíma þar sem víðrað hefur svo vel í vetur.

Þegar kuldahrollurinn hefur komið í veg fyrir útreiðar þá höfum við stundum látið hrossin hlaupa frjáls eftir veginum smá spotta þar sem við búum svo vel að hafa girðingar beggja megin við veginn . Þá er mikið fjör og hlaupið af krafti.



Hér er Kaðall í stuði. Hin eitthvað farin að slaka á enda á heimleið.



Hér eru hrossin að komast heim aftur, þá er mesta fjörið búið og þau skokka þetta rólega.



Þessar ungu hryssur voru aðeins seinni heim þar sem þær voru að vesenast út fyrir veg.

Stjörnunótt komin heim úr Hrísum og er að hlaupa með í fyrsta skipti. Hún kunnir ekki mikið á þetta og tældi Þiu með sér í svolitla aukakróka.



Nú er Aþena komin í Skagafjörðinn til Ísólfs L. Þórissonar. Það stendur til að hann sýni hana í kynbótadómi í vor og eru þau að búa sig undir það. Vonandi að það gangi upp. Aþena hefur aðeins komið fram í keppni undanfarið og hefur staðið sig með prýði.

Rökkvi er alltaf að festa sig í sessi sem einn af uppáhalds hjá Árborgu. Þau ætla í einkatíma hjá Ísólfi fljótlega. Ekki veitir af að fá reglulega leiðsögn í reiðmennsku og er Ísólfur einn besti reiðkennari sem Árborg hefur farið til. Frábært að eiga möguleika á að fá kennslu hjá honum.

Hér til vinstri eru þau að æfa sig fyrir tímenn.

Sóldögg er farin til Tryggva Björnssonar á Blönduósi og ætlar hann að skoða hvort hún verði tilbúin í sýningu á þessu vori. En hvernig sem það fer þá er þessi hryssa prýðishross sem gaman er að ríða. Með 5 fínar gangtegundir og fínan vilja.

Náttdröfn móðir þeirra er því miður geld þetta árið. Það er svekkjandi því hún hefur gefið okkur falleg og efnileg hross. Ákveðið er að henni verði haldið undir Gamm frá Steinnesi nú í maí. Sök er líka geld!! 2 geldar af þeim sem við höfum verið að setja á undan!! Ákveðið er að henni verði líka haldið í maí og fer hún undir Braga frá Kópavogi. Ekki er búið að taka endanlega ákvörðun með aðrar hryssur sem sett er á undan.

Til hægri: Sóldögg og James, myndin tekin í blíðunni í febrúar.



Kardínáli er á leið vestur á land þar sem Agnar Þór Magnússon ætlar að taka við honum og halda áfram þar sem frá var horfið með tamninguna hjá Hrísabændum.

Hér er Ingvar að taka út tamninguna og ekki annað að sjá en að hún hafi verið í lagi.

Verst hvað snjóaði og gerði það myndatökur erfiðar enda græjurnar ekki þær flottustu.





## Nokkrar myndir ...



Útigangurinn stillir sér upp og bíður eftir næstu heysendingu.



Þetta er Kóróna. Hún er sú sem sem beðið er eftir með mestri eftirvæntingu að kasti á þessu vori, sjálfur Tenór frá Túnsbergi fyljaði hana.



Að lokum eru myndir af folöldunum að leika sér í snjónum.

Þá er ekki annað eftir en að óska ykkur gleðilegs sumars og vona að lesendur hafi það sem best. Ómögulegt að segja hvenær næstu fréttir detta inn en það verður örugglega ekki í maí því reynsla síðustu ára segir okkur að það er ekkert kveikt á tölvu hér í maímánuði.

